



Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð

Umsögn aðgengis- og samráðsnefndar um tillögu Flokks fólksins um aðgengisstefnu Reykjavíkurborgar

Á fundi aðgengis- og samráðsnefndar þann 16. mars 2023, var samþykkt umsögn nefndarinnar um tillögu Flokks fólksins um aðgengisstefnu Reykjavíkurborgar.

Umsögn:

Aðgengisstefna Reykjavíkurborgar hefur ekki verið kynnt sérstaklega í heild fyrir borgarbúum en stefnan er þó aðgengileg öllum á ytri vef borgarinnar.

Varðandi kynningu á aðgengisstefnu borgarinnar innan kerfis, þá er fyrirhugað að kynna aðgengisstefnuna í ráðum borgarinnar sem og verkefni aðgengis- og samráðsnefndar á næstu vikum. Einnig verður lögð aukin áhersla á að upplýsa starfsfólk um hvernig hægt sé að skila ábendingum um hvar aðgengi sé ábótavant innan starfsstaða borgarinnar.

Vinna við forgangsröðun aðgerða með aðgengisstefnunni var kynnt á fundi nefndarinnar 16. febrúar sl. og verða verkefni ársins 2023-2024 kynnt á fundi nefndarinnar í maí n.k.

Öll innleiðing á aðgengisstefnunni og framkvæmd aðgerða í aðgerðaáætlun fer fram í nánu og reglubundnu samráði við aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks.

Borgarbúar og starfsfólk Reykjavíkurborgar, mun einnig verða upplýst um framgang aðgerða í aðgerðaáætlun aðgengisstefnunnar þegar tilefni er til og eftir því sem við á hverju sinni.

Virðingarfyllt,

Valgerður Jónsdóttir
Miðlæg stjórnsýsla
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa